



Kennsluáætlun STÆR2RU05 Vor 2019

Markmið:

- Nemendur kynnist frumhugtökum Evklíðskrar rúmfræði.
- Nemendur þekki hornasummu þríhyrninga og geti notað þá þekkingu við lausn viðfangsefna.
- Nemendur læri að notfæra sér reglur um hringi og horn við þá.
- Nemendur tileinki sér reglu Pýþargórasar og reglur um einslaga þríhyrninga.
- Nemendur þjálfist í flatarmáls- og rúmmálsreikningum.
- Nemendur kynnist skilgreiningum á hornaföllum, þ.e. sínus, cosínus og tangens og reglum um þríhyrninga leiddum af þeim.

Kennslubækur og önnur kennslugögn:

- STÆ 103 eftir Jón Þorvarðarsson. Reykjavík 2012
- Ljósritað ítarefni frá kennara.
- Vasareiknir (scientific), reglustrika og gráðubogi.
- Nemendum er bent á að notfæra sér stærðfræðivefinn **rasmus.is** (frekari upplýsingar hjá kennara).

Námsmat:

Námsmat byggir á:

1. Árangri í lotuprófum og verkefnavinnu (30%).
2. Árangri í skriflegu lokaprófi (70%).

Vetrareinkunn reiknast inn í lokaeinkunn nemenda samkvæmt uppgefnum vægisþáttum í kennsluáætlun. Þó mun hún ekki hækka lokaeinkunn nemenda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Til athugunar:

Sérstök áhersla er lögð á að nemendur sýni vandvirkni, nákvæmni og öguð vinnubrögð við frágang. Þess er krafist að nemendur setji fram útreikninga og niðurstöður á skýran og greinargóðan máta. Slæmur frágangur hefur í för með sér lægri einkunn. Fjarvera úr kennslustund lengur en 10 mínútur jafngildir F í viðveruskrá.

Áætlun um yfirferð í áfanganum:

Vika	Efnisatriði	Blaðsíðutal	Lotupróf
2	7. Kafli. Um horn	113-118	
3-5	8. Kafli. Þríhyrningar	119-172	LP1 31.janúar
6-8	9. Kafli. Hringir	173-196	
8-9	10. Kafli. Flatarmál	197-216	LP2 28.febrúar
12-13	11. Kafli. Rúmmál. Yfirborð	241-256	LP3 28.mars
14-18	12. Kafli. Hornaföll	217-240	LP4 3.maí
19	Upprifjun	Allt	

Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

Verkefnaskil og próf:

Á önninni verða lögð fyrir 4 lotupróf sem gilda 70% af annareinkunn ásamt heimadæmum og ýmsum verkefnum sem gilda 30%.

Nemandi er skylt að taka öll lotuprófin á tilsettum tíma. Sé nemandi fjarverandi þá kennslustund sem tilkynnt hefur verið um próf fær hann einkunnina 0 fyrir þann námsþátt, nema lögmæt forföll komi til.

Nemandi sem skilar öllum verkefnum, stenst öll lotupróf og nær að meðaltali 6,5 úr öllum lotuprófum getur ef hann vill sleppt lokaprófi.

Athugasemdir og skýringar:

Nemendur eru hvattir til að nýta sér viðtalstíma kennara, en tímasetning þeirra verður auglýst fljótlega. Nemandi skal alltaf mæta í kennslustundir með þau gögn og verkfæri sem til er ætlast. Ef út af þessu bregður getur kennari skráð **F** á viðkomandi nemanda.

F.Su. 3. Janúar 2019

Með ósk um góðan árangur á önninni.

Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir, Magnús Másson og Ægir Sigurðsson